

Aðalfundur Góðvina Háskólans á Akureyri

Starfsárið 2021

Aðalfundur Góðvina var haldinn rafrænn á Teams miðvikudaginn 2.11.2022 kl. 15:00.

Fundargestir: Katrín Árnadóttir, Kristín Sigurðardóttir, Berglind Ósk Guðmundsdóttir, Bjarki Freyr Brynjólfsson, Pálmey Kamilla Pálmadóttir, Elva Gunnlaugsdóttir, Thelma Rut Káradóttir, Sólveig María Árnadóttir

Fundur formlega settur klukkan 15:01.

Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Fundarstjóri: Katrín Árnadóttir

Fundarritari: Sólveig María Árnadóttir

2. Skýrsla stjórnar

Katrín Árnadóttir, starfsmaður Góðvina, fór yfir skýrslu stjórnar Góðvina fyrir starfsárið 2021.

a. Fjöldi Góðvina

126 eru skráðir í einstaklingsaðild félagsins (nóvember 2021). Alls greiddu 31 félagsgjöld árið 2021. Fara þarf í átak til að hvetja fleiri til að skrá sig í félagið og borga félagsgjöld.

Engin fyrirtækjaaðild árið 2021.

b. Veittir styrkir

Engin styrkur var veittur.

c. Heiðursverðlaun við brautskráningu

Að venju veittu Góðvinir heiðursverðlaun á brautskráningarhátíð. Fimm aðilar voru heiðraðir og verðlaunaðir með gullnælu Góðvina. Í fyrsta skipti var afhent viðurkenningarskjal með gullnælunni.

d. Fréttabréf

Fréttabréf sent út rafrænt 17.11.2021.

e. Sala Góðvinanælu

Hafin er sala barmmerkis Góðvina í vefverslun HA – 4.900 kr.

3. Kosning í stjórn

Nökkvi Alexander Rounak Jónsson hættir við sem fulltrúi SHA í stjórn og við tekur Sólveig Birna Elísabetardóttir. Varmaður verður Silja Rún Friðriksdóttir.

4. Reikningar

Kristín Sigurðardóttir, gjaldkeri Góðvina, fór yfir ársreikning félagsins og útskýrði hann. Engar athugasemdir.

Ársreikningurinn var borinn upp til samþykktar og hann samþykktur einróma.

7. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

Hólmfríður Lilja Birgisdóttir og Harpa Halldórsdóttir halda áfram sem skoðunarmenn reikninga.

8. Árgjald

Staðfest að einstaklingsaðild sé sú sama, 2.900 kr.

9. Önnur mál

- Þurfum að fá fleiri félagsmenn, getum reynt að virkja þau sem hafa fengið heiðursverðlaun Góðvina ásamt þeim sem hafa setið í stjórnnum SHA.
- Þurfum að virkja enn frekar Facebook síður útskriftarárganganna.
- Berglind Ósk ræðir stofnfjár sjóðsins og ætlar að afgreiða málið með rektor sem fyrst. Verður tekið fyrir og rætt á næsta stjórnarfundum Góðvina.
- Endurfundur á næsta ári, Háskólahátíð verður 9. og 10. júní. Rætt um mikilvægi þess að auglýsa endurfundina tímanlega til þess að fleiri mæti.

Ekki var fleira gert og fundi formlega slitið slitið kl. 15:15.